

166

28. ágúst

AUGLÝSING

um bann gegn hundahaldi í Seltjarnarneshreppi.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefur hinn 31. marz 1953 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, bannað allt hundahald í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. ágúst 1953.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

167

14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Árnessýslu, nr. 122 11. júlí 1947.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr. og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 70000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70000 krónur allt að 500000 kr. matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miðað við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgr., skulu heimtaugagjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um löggilding lyfjaskrár fyrir dýralækna.

168

17. sept.

Með auglýsingu nr. 72, útgefinni 14. júlí 1950, um löggilding nýrrar lyfjaskrár, samkvæmt ákvörðun forseta Íslands 13. júlí 1950, er ákveðið að Pharmacopoea Danica 1948 (Editio IX) skuli löggilt til notkunar á Íslandi frá 1. jan. 1951.

Löggilding þessi gildir um nefnda lyfjaskrá alla, með þeim viðbótum, sem út hafa verið gefnar, þar á meðal Addendum veterinarium, sem út var gefin 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um varnir gegn útbreiðslu hnúðorma í kartöflum.

169

19. sept.

1. gr.

Bannað er að flytja kartöflur af hinu sýkta svæði, sem talið er ná frá Mýrdalsandi um Suður- og Suðvesturland að Skarðsheiði, til annarra landshluta.

2. gr.

Á hinu sýkta svæði er bannað að geyma útsæði með matarkartöflum í félagsgeymslum, án þess það sé einangrað frá matarkartöflunum.

Ef útsæði er geymt í slíkum geymslum, skal því komið fyrir vandlega aðgreindu, enda sé geymslustaður sóttreinsaður áður en útsæðið er tekið til geymslu, ef geymslan hefur áður verið notuð til geymslu kartafna.